

Fréttabréf



HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jökларанnsóknafélags Íslands verður haldinn í Norræna Húsinu þriðjudaginn 22. október kl. 20.

Efni fundarins verður:

Sveinbjörn Björnsson, Orkustofnun

Kynning á rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

Oddur Sigurðsson, Orkustofnun

Ljósmyndasýning: Virkjanasvæði frá ýmsum hliðum

HAUSTFUNDUR

Umræða um virkjanir á hálendinu hefur verið fyrirferðamikil í fjölmiðlum undanfarin misseri. Hún hefur einskorðast við þau virkjanaáform sem lengst eru komin svo sem við Kárahnjúka og Norðlingaöldu. Bæði þessi áform eru umdeild vegna umhverfisáhrifa. Með rammaáætlun er áformað að bera saman mun fleiri hugmyndir til orkuöflunar úr vatnsafls og jarðhita, meta hagkvæmni þeirra og umhverfisáhrif og leggja þannig grunn að umræðu um hvaða kosti ætti að virkja fyrst og hverja ætti að geyma eða friða gegn framkvæmdum. Þessari vinnu stýrir Sveinbjörn Björnsson deildarstjóri á Orkustofnun og fyrrum formaður JÖRFÍ. Á haustfundinum gefst gott tækifæri til að fá heildarmynd af helstu áætlunum sem til eru um nýtingu lands til orkuöflunar. Að loknu erindinu mun Oddur Sigurðsson sýna myndir frá öllum helstu svæðunum sem fjallað verður um í erindi Sveinbjarnar.

PÓSTBURÐARGJÖLD – TÖLVUPÓSTUR

Vegna mikillar hækkunar á póstburðargjöldum er í ráði að netvæða fréttabréf JÖRFÍ. Verður fréttabréfið í framtíðinni sent rafrænt til þeirra félagsmanna sem hafa tölvupóst. Líklegast er að bréfinu verði dreift með því að senda félagsmönnum tölvupóst með slóð á fréttabréfið á vefsíðu félagsins: www.jorfi.is. Þar geta menn síðan lesið bréfið og prentað það út að vild. Auk þess að gera dreifingu bréfsins hraðari og ódýrari opnast möguleikar á að hafa fleiri ljósmyndir og þess háttar efni í bréfinu. Stjórnin vonast því til að félagsmenn taki vel í þessa áætlun stjórnarinnar.

Til að koma þessu í kring biðjum við alla þá félagsmenn sem hafa tölvupóst að senda póst á: jorfi@jorfi.is Í skeytinu á að vera titillinn: “Fréttabréf” og í texta þess nafn sendanda. Ekkert annað þarf að vera í skeytinu.

Þetta munum við síðan nota til að búa til netfangalista yfir félagsmenn. Listinn yrði að sjálfsögðu aðeins aðgengilegur fyrir félagsstjórnina, hann færi aldrei til annarra aðila.

Þeir sem ekki nota tölvupóst þurfa ekki að hafa áhyggjur því þeir munu fá bréfið sent með venjulegum pósti eins og áður.

Stjórn JÖRFÍ

HAUSTFERÐIR JÖRFÍ Á VATNAJÖKUL OG Í JÖKULHEIMA

Haustferð JÖRFÍ á Vatnajökul var farin dagana 12.-16. september. Eins og síðustu ár var henni slegið saman við afkomu og veðurstöðvavitjun Raunvísindastofnunar Háskólans og Landsvirkjunar. Að þessu sinni var ákveðið að fara um Tungnaárjökul, en mörg síðustu ár hefur verið farið um Köldukvíslarjökul vegna þess hve Tungnaárjökull hefur verið úfinn og sprunginn neðan til. Komið var í Jökulheima um hádegisbil (fimmtudag) og þaðan gekk ferðin greiðlega að jökli þó talsvert væri í Tungnaá. Tungnaárjökull reyndist vonum betri yfirferðar, leysing hafði ekki verið meiri en svo, að færar snjóbrýr voru enn á sprungusvæðinu rétt neðan jafnvægislínu. Nýsnævi var ofan 1300 m hæðar, en farið ekki mjög þungt og gekk vel að komast á Grímsfjall. Lesið var af afkomustikum og teknar niður veðurstöðvar á Tungnaárjökli í leiðinni. Næsta dag greindist hópurinn í þrennt, tveir bílar fóru austur jökul í afkomumælipunkta og veðurstöðvar. Fjórir sleðar voru notaðir til að mæla inn um 75 skriðhraðastikur norðan og vestan Grímsvatna, og lesa af afkomumælistikum. Þriðji hópurinn vann að viðhaldi jarðskjálftamæla, rafstöðva, skála og skálabúnaðar. Austurfarar komu til baka næsta dag (laugardag) eftir góða og árangursríka ferð í ágætu veðri, en skyggislitlu. Nú var öllum verkum lokið nema frágangi mælitækja og búnaðar á Grímsfjalli. Hluti hópsins ætlaði heim sömu leið á 2 bílum snemma á sunnudagsmorgni en vegna bilunar í bíl var farið á 2 sleðum að sækja varahluti í Jöklaasel og fylgdi heimferðafólk eftir á einum bíl niður Skálarjökul. Á mánudegi fóru hinir niður um Tungnaárjökul og gekk ágætlega, allt til Reykjavíkur, þó bilana gætti, svo að bragur Ómars "þrjú hjól undir bílnum?", var sunginn af innlifun rétt við Jökulheima. Þátttakendur í leiðangrinum voru 11, með 4 bíla og 4 vélsleða. Líklega var þetta síðasta ferð Dodda okkar [Dodge pallbíll], og er honum þökkúð góð og litrík samfylgd til margra ára.

Finnur Pálsson

Í ár bar "13. september" ferðina í Jökulheima upp á 13. september. Ferðin var með breyttu sniði í þetta sinn, þar sem meiri vilji var fyrir því að fara á eigin jeppum en að leigja rútu. Ferðin var farin á 9 jeppum og tókst í alla staði mjög vel. Þátttakendur voru 27 talsins, þar af 6 börn og spannaði aldur þátttakenda 76 ár! Á laugardeginum var blíðviðri, en þungbúið. Þá var suðurhluti Heljargjár, sunnan Gjálfjalla, kannaður allvel. Að vel athuguðu máli var ákveðið að bíða með að skoða norðurhlutann og freista

þess að fá betra skyggni næsta dag. Í staðinn var haldið aftur í Jökulheima og svæðið þar í kring hreinsað og fegrað. Næst á dagskrá var grillveisla. Þar var boðið upp á frábæran forrétt, sem var grillaður urriði úr Tekjulindinni. Þetta var vænn fiskur, 59 cm langur og 39 cm í ummál og þótti hann sérlega ljúffengur. Að loknu áti var varðeldur. Þar mættu auk okkar Íslendinganna 6 Japanir, sem voru komnir til að skoða íshella og áttum við ánægjulega stund við eldinn þar sem sungið var bæði á japönsku og íslensku. Næsta dag tókum við daginn þökkalega snemma og fórum um Bláfjöll vestur fyrir Dór og virtum fyrir okkur nyrðri hluta Heljargjár í fínu skyggni. Á heimleiðinni ókum við frá Þröskuldi að norðurenda Hraunvatna um svonefnda Klauf, en flestir voru að fara þessa leið í fyrsta sinn. Heim var svo komið um kl. 20. Myndir úr ferðinni má sjá á vefslóðinni: http://www.peturs.net/gop/myndir/020913Jokulheimar/00_myndir.htm. Kosturinn við að fara ferðina á eigin jeppum fólgst í auknum sveigjanleika þátttakenda til að koma og fara úr ferðinni eftir því sem þeim hentaði best. Þá hefur verðskrá rútuþyrtaækja hækkað það mikið seinustu árin, að óraunhæft er að leigja rútu í fjölskylduferð sem þessa nema með fullri sætanýtingu.

Steinunn S. Jakobsdóttir.

ÁRSHÁTÍÐ JÖRFÍ 2002

Árshátíð JÖRFÍ verður haldin laugardaginn 16. nóv.

Við byrjum á að þiggja fordrykk hjá **66°N** í nýrri verslun þeirra að **Miðhrauni 11**, Garðabæ. Þangað mætum við **kl. 18**. Eftir klukkustundar dvöl þar ferðumst við með langferðabíl á fyrirheitna staðinn þar sem verður matur, glens og grín. Drykkir verða seldir á hóflegu verði. Miðinn kostar 3500 kr, ekki sakar að hann gildir líka sem happdrættismiði þar sem fjöldi veglegra vinninga er í boði.

Miðar fást hjá Valda á rakarastofunni Dalbraut (s:5686312), og Finni á Raunvísindastofnun, Haga við Hofsvallagötu 53 (s:5254936). Þeir sem ekki geta nálgast miða hjá þeim ættu að hafa samband við einhvern árshátíðar, nefndarmanna í síma.

Árshátíðarnefnd : Jóna Bryndís (s:5861393, 8478392), Freyr (s:6933022), Grímur (s:5675426) Leifur (s:8951187), Sverrir (s:5531254), Sjöfn (s:5515383, 6594936)

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Sverrir Óskar Elefsen